

upp og ekki þykir unnt að ná saman fundi með stofnfélögum getur stjórn stofnunarinnar slitið henni ef fyrir liggur samþykki 2/3 hennar.

- 11.2. Við slit skulu eignir stofnunarinnar renna til laxaræktar í þeim löndum sem greitt hafa í sjóðinn í þeim hlutföllum sem greinir í lið 5.B.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 2. apríl 1992.

Orri Vigfússon. Ástmar Ólafsson. Ingvi Hrafn Jónsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1992.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

1. maí 1992

Nr. 162

## REGLUGERÐ

### um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1992.

1. gr.

Lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum, dýralæknum og sveitarfélögum með lyfjasölu og öðrum lyfjaeftirlitsþegum ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1992, vegna lyfjaeftirlits, sbr. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108, 14. nóvember 1984. Gjaldið er sem hér segir:

|              | Kr.     |               | Kr.     |
|--------------|---------|---------------|---------|
| I. flokkur   | 204 000 | VI. flokkur   | 396 000 |
| II. flokkur  | 180 000 | VII. flokkur  | 283 000 |
| III. flokkur | 156 000 | VIII. flokkur | 204 000 |
| IV. flokkur  | 121 200 | IX. flokkur   | 51 600  |
| V. flokkur   | 85 200  |               |         |

2. gr.

Lyfjabúðum og lyfjasölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

#### **I. flokkur:**

Apótek Austurbæjar  
Ingólfs Apótek  
Kópavogs Apótek  
Reykjavíkur Apótek  
Stjórnu Apótek

#### **II. flokkur:**

Borgar Apótek  
Breiðholts Apótek  
Háaleitis Apótek  
Hafnarfjarðar Apótek  
Holts Apótek  
Laugavegs Apótek  
Lyfjabúðin Íðunn  
Keflavíkur Apótek  
Vesturbæjar Apótek

**III. flokkur:**

Akureyrar Apótek  
Garðs Apótek  
Hraunbergs Apótek  
Laugarnes Apótek  
Selfoss Apótek

**IV. flokkur**

Akraness Apótek  
Apótek Garðabæjar  
Apótek Vestmannaeyja  
Árbæjar Apótek  
Borgarness Apótek  
Dalvíkur Apótek  
Húsavíkur Apótek  
Ísafjarðar Apótek  
Mosfells Apótek  
Nesapótek, Seltjarnarnesi  
Norðurbæjar Apótek

**V. flokkur**

Apótek Austurlands  
Apótek Blönduóss  
Apótek Ólafsvíkur  
Egilsstaða Apótek  
Grindavíkur Apótek  
Hafnar Apótek  
Nes Apótek, Neskaupstað  
Lyfjasala lækni Búðardal  
Lyfjasala lækni Eskifirði  
Lyfjasala lækni Hvammstanga  
Lyfjasala lækni Laugarási

Patreks Apótek  
Rangár Apótek  
Sauðárkróks Apótek  
Siglufjarðar Apótek  
Stykkishólms Apótek  
Ölfus Apótek

**3. gr.**

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

**VI. flokkur:**

Delta hf.  
Lyfjaverslun ríkisins  
Pharmaco hf.  
Stefán Thorarensen hf.

**VII. flokkur:**

Austurbakki hf.  
Lyf hf.  
Medico hf.  
Ómega Farma hf.

**VIII. flokkur:**

Ásgeir Sigurðsson hf.  
Farnasía hf.  
Ísteka hf.

**4. gr.**

Dýralæknar, sem annast lyfjasölu, sbr. 58. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, læknar og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, sbr. 4. gr. reglugerðar um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983, aðrir en þeir sem taldir eru í 2. gr. V. flokki, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt IX. flokki.

**5. gr.**

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deilarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkv. II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkv. IX. flokki.

**6. gr.**

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí 1992. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, ef eigi hefur verið greitt á eindaga. Gjaldið er lögtakskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. maí 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

---

*Einar Magnússon.*

30. apríl 1992

Nr. 163

## AUGLÝSING

### um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs á flugleiðinni Reykjavík- Norðfjörður-Reykjavík.

Samgönguráðuneytið hefur, með heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og reglugerð nr. 641/1991 um flutningaflug með síðari breytingum, veitt Íslandsflugi hf. sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á flugleiðinni:

Reykjavík-Norðfjörður-Reykjavík.

Sérleyfi Íslandsflugs hf. til áætlunarferða milli Reykjavíkur og Norðfjarðar gildir frá og með 18. maí 1992 til og með 31. desember 1997.

*Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1992.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Halldór S. Kristjánsson.*

5. maí 1992

Nr. 164

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 134 21. apríl 1992, um humarveiðar.

1.gr.

Í stað „2065“ í 1.gr. reglugerðarinnar komi: 2100.

2.gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið 5. maí 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Árni Kolbeinsson.*